

Fundur stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

01.09.2025. kl 19:00



Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ

Mætt/ir eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór, og Sólrún Dröfn

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð pósta til stjórnar.

-Fyrirspurn til Retriever deildar vegna viðburðar Spaniel deildar í samstarfi við aðrar deildir:

Aðalstjórn HRFÍ samþykkti ekki beiðni Spaniel deildar svo það fellur um sjálft sig.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

Staðan lítur vel út en á eftir að taka saman yfirlit og fá heildarmynd á kostnaðarliði.

3. Starfið framundan -

Veiðipróf.

Eitt veiðipróf er eftir þetta sumarið um næstu helgi, 6.sept og er haldið við Hnúkatjörn, skammt frá Blönduósi.

Búið er að bóka Sólheimakot 4. Október fyrir Meistarakeppni og lokahóf. Vinna er hafin við að halda veglegt lokahóf með veitingum og mat. Kemur í ljós að það er sýning á vegum HRFÍ sömu dagsetningu svo það þarf að endurskoða hana.

-Sýningar.

Búið er að bóka sal HRFÍ fyrir sýningarþjálfun á sunnudagskvöldum fyrir næstu sýningar.

Búið er að bóka dómara fyrir næstu þrjár deildarsýningar eða fram til jólasýningar 2027.

Vinna framundan við að bóka flug fyrir dómara á næstu sýningu.

-Fræðsludagskrá.

Hugmyndir uppi með nýliðakvöld með haustinu. Kynning á deildinni og því sem við erum að gera bæði með tilliti til sýningar og veiðinnar. Ef af þessu á að vera þarf að finna hentuga dagsetningu og setja saman dagskrá. Hugmynd kom að halda nýliðakvöld í janúar sem gefur okkur tíma til að kynna kvöldið og láta orðið berast.

Fræðslukvöld verður haldið í október eða byrjun nóvember þar sem hugmyndin er að fá dýralækni/hjúkrunarfræðing til að fara yfir hvað ber að hafa í huga varðandi slys eða óhöpp sem geta átt sér stað á veiðum eða í göngu og hvað er gott að vera með í sjúkratöskunni.

4. Yfirferð á svari stjórnar HRFÍ á erindi Retriever deildar.

Rætt var svar við fyrirspurnum okkar til aðalstjórnar HRFÍ. Fundur ákveðinn í framhaldinu með aðalstjórn með dagsetningu sem hentar.

5. Staða verkefna okkar.

-Tilkynning á RSK um breytingu á raunverulegum eigendum.

Búið að breyta þannig að Guðni formaður er kominn með skráningu.

-Skoðunarmaður reikninga.

Skipun skoðunarmann reikninga er í vinnslu.

-Vinnupróf.

Skoða þarf í samstarfi við dómara um hvernig er best að halda vinnupróf með tilliti til að auka fjölbreytni í starfi og nýliðun í sportinu.

-Styrktarmál.

Nokkrar hugmyndir uppi með styrktarmál sem verða skoðuð.

-Fulltrúi stjórnar í dómararáð.

Enn hefur ekki fundist aðili til að taka það að sér.

-Kostnaður vegna veiðiprófa og annað fjárhagsyfirlit. Þarf að taka það saman til að hafa skýra yfirsýn.

6. Önnur mál

Heimasíða deildarinnar. Kostnaður á mánaðarlegu gjaldi ásamt árgjaldi er frekar hátt og er hægt að gera þetta á ódýrari máta en krefst vinnu. Verður skoðað og hugmyndinni haldið á lofti.

Næsti fundir ákveðinn 1. Október.

Fundi slitið klukkan 21:06

Gísli Már Árnason, ritari.

